



Skýrsla um fund í laganefnd Evrópuráðsins 21. september 1954, ásamt bréfi frá Hans G. Andersen

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Bréf – Hans G.
Andersen – Evrópuráðið

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-18, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ICELANDIC DELEGATION
TO THE
NORTH ATLANTIC COUNCIL

PARIS, 6. okt. 1954.

Kæri vinur,

Ég sendi hér með eintak af frásögn af fundinum í laganefnd Evrópuráðsins, sem ég hef skrifað fyrir utanríkisráðuneytið,

Með beztu kveðjum,

Þin einlaga

Hans Jónsson

Herra dómsmálaráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Fulltrúi Tyrklands taldi réttast, að nefndin vísaði málinu frá, en Hermann Jónasson sagði, að ekkert væri því til fyrirstöðu að málið yrði rétt. Íslendingar teldu þetta einmitt kærkomið tekiferi til að skýra málið. Síðan tók til máls Mr. Fletcher Cook, brezkur þingmaður úr konservatíva flokknum, en hann hafði verið kvaddur til af brezka fulltrúanum í laganefndinni Mr. de Freitas. Sagði Mr. Cook, að enda þótt hann væri ekki einn af flutningsmönnum tillögu þeirrar sem til umræðu væri og brezka ríkis-

Skýrsla um fund í laganefnd

Evrópuráðsins 21. september 1954.

Þriðjudaginn 21. september 1954 kom tillaga M.de Kinder o.fl. um að Evrópuráðið skyldi athuga þær breytingar, sem gerðar hefðu verið á fiskveiðitakmörkum víð Ísland, til umræðu í laganefnd Evrópuþingsins. Ýms önnur mál voru á dagskrá þennan dag og var tillaga M.de Kinder nr. 6 á dagskránni, en samkomulag varð um að láta þessa tillögu ganga fyrir og var hún rædd nærri því allan fundartímann eða um 3 1/2 klukkustund.

Formaður nefndarinnar, Belgíumaðurinn M.Rolin, tók fram í upphafi, að laganefndin væri að sjálfsögðu ekki dómstóll og gæti í rauninni ekki haft önnur afskipti af máli þessu en að gangast fyrir því, að þeir sem hagsmuna hefðu að gæta skiptust á skoðunum. Þá tók hann einnig fram, að M.de Kinder væri ekki meðlimur þessarar nefndar, en rétt væri að gefa honum kost á að sitja fundinn þar sem hann væri upphafsmaður tillögunnar. Þá sagði formaður einnig, að M.de Kinder hefði ekkert umboð frá belgísku ríkisstjórninni til þess að taka mál þetta upp og væri því ekki hennar fulltrúi í málinu. Var samkomulag um að bjóða M.de Kinder á fundinn og sendi formaður boð eftir honum.

Fulltrúi Tyrklands taldi réttast, að nefndin vísaði málinu frá, en Hermann Jónasson sagði, að ekkert væri því til fyrirstöðu að málið yrði rétt. Íslendingar teldu þetta einmitt þærkomileg tækifæri til að skýra málið.

Síðan tók til máls Mr. Fletcher Cook, brezkur þingmaður úr konservatíva floknum, en hann hafði verið kvaddur til af brezka fulltrúanum í laganefndinni Mr.de Freitas. Sagði Mr. Cook, að enda þótt hann væri ekki einn af flutningsmönnum tillögu þeirrar sem til umræðu væri og brezka ríkis-

stjórnin hefði engan þátt átt í því að tillagan var lögð fram, vildi hann skýra sjónarmið Breta í þessu máli. Sagði hann, að Bretar hefðu ávallt verið forvígismenn kenningarinnar um "freedom of the seas" og væri þeim því mikið áhyggjuefni að fylgjast með þeim kröfum, sem fram hefðu komið frá ýmsum þjóðum um aukin yfirráð yfir hafinu og litu þeir svo á, að ef ekkert væri gert til þess að hindra þessa þróun, gæti svo farið að lokum, að hin ýmsu ríki beinlínis skiptu með sér úrhafinu, þannig að ekkert yrði eftir af "the freedom of the seas". Að því er Ísland varðaði hefði brezka stjórnin beinlínis mótmælt hinum nýju fiskveiðitakaörkum og brezkir útgerðarmenn hefðu sett löndunarbann á íslenska togara í brezkum höfnum til þess að lýsa gremju sinni. Brezka stjórnin hefði að vísu gert allt sem í hennar valdi stæði til þess að fá banninu aflétt en árangurslaust. Hinavegar voru fiskveiðitakmörkin og löndunarbannið tvö sjálfstæð mál, en þegar brezk stjórnvöld hefðu lagt til að deilan um fiskveiðitakmörkin væri lögð fyrir Haag-dómstólinn þá hefði íslenska stjórnin gert það að skilyrði að löndunarbanninu væri aflétt. Þetta væri ekki sanngjarnt, vegna þess að það væri sem sagt ekki á valdi brezku stjórnarinnar að kúga þá sem að löndunarbanninu stæði. Sankvæmt brezkum lögum væri það öllum mönnum frjálst að vilja ekki kaupa íslenskar afurðir og við því væri ekkert að gera. Sagði hann, að brezku stjórninni myndi vera það mjög ógeðfellt ("distasteful") að fara fram á lagaheimild til að beita slíkri þvingun. Annar brezkur þingmaður Mr. Bell tók mjög í sama streng.

Af Íslands hálfu voru mættir á fundinum Hermann Jónasson, sem sat á í nefndinni, og honum til aðstoðar Hans G. Andersen. Voru þeir sammála um, að þar sem Íslendingar höfðu ekki borið fram þá tillögu, sem til umræðu var, væri réttast að flutningsmenn tillögunnar skýrðu málið fyrst.

Þegar hér var komið höfðu ekki fleiri tekið til máls og M. de Kinder var enn ekki kominn. Tók þá Hermann Jónasson til máls og lagði fram greinargerð ríkisstjórnarinnar með eftirfarandi ræðu, þar sem hann skýrði sjónarmið Íslendinga:

"Mr. Chairman,

When the proposal was made in the Council of Europe that the measures which the Icelandic people have taken to conserve the fisheries off the Icelandic coasts should be discussed here, we on our part stated that we would accept this proposal, provided that all aspects of the matter were discussed.

We are of the opinion that the Icelandic conservation problems are of such a nature that it is in our mutual interest that they be discussed and explained in the Council of Europe, both as regards the measures taken in Iceland and the retaliatory action taken abroad.

I am only going to make a few brief remarks at this stage.

The Icelandic exports are relatively greater than those of most or all other nations. The reason why our exports have to be so great is that we have to import almost all the necessities of life. Of these exports 97% consist of fishery products derived from our coastal areas. It is, therefore, difficult to find another nation in the world whose existence is as completely dependent upon the resources of the sea.

In view of these facts it becomes quite clear why the Icelandic people have with the utmost concern followed the depletion of various excellent fishing grounds due to overfishing. Fishing grounds in the vicinity of Scotland and the Faroe Islands, in the North Sea and in many Icelandic areas may be mentioned as examples.

The catches of demersal fish in the North Sea have shown a striking example of the effect of over-exploitation of the fish-stocks.

In the year preceding the first world war the landing per day's absence by British steam trawlers from the North Sea was on the average 16.4 cwt., but was generally on the decline.

The war gave the fishstocks an involuntary conservation and the catches increased so as to reach 30.6 cwt. in 1919. But from then on, despite greatly improved catching efficiency through bigger ships and improved gear, the general trend of the catches shows a downward tendency until the years preceding the second world war. In 1937 the catch reached only 13.3 cwt. A similar decline was observed in Icelandic waters.

If the leaders of the Icelandic people had watched this development without taking the necessary measures to avert the impending destruction of the Icelandic fishing grounds, they would have been guilty of the gravest offence against the nation.

It is well known that the destruction of the fishstocks is due to over-fishing in the spawning and nursery grounds, particularly in bays and other sheltered areas. The most important step is, therefore, to protect these valuable areas against trawling.

The first difficulty to be overcome was the Convention of 1901 concluded with the United Kingdom Government by the Danish Government which then handled the foreign affairs of Iceland. This Convention permitted trawling up to a distance of three miles from the Icelandic coasts and exposed all the bays to the destruction of young fish. The Convention, however, provided that it could be terminated upon two years' notice. The Icelandic Government gave notice for the termination of this Convention in 1949 and it consequently expired in 1951.

In 1950 the Icelandic Government prohibited trawling and seine-netting off the North coast of Iceland up to a distance of four miles from the coast measured from straight baselines drawn across the opening of bays. This prohibition applied to Icelandic trawlers and all foreign trawlers except the British, since the 1901 Convention had then not yet expired.

After the 1901 Convention expired in 1951 the Icelandic Government prepared the application of the North coast system to the entire coast of Iceland.

The United Kingdom Government then requested the Icelandic Government to await the decision of the Hague Court in the Anglo-Norwegian Fisheries Case, which was then pending, and to take the forthcoming decision into account in the drawing of the new limits. This request was granted and it was decided to wait for the judgment of the Hague Court.

When the Court's decision was available the Icelandic Minister of Fisheries went to London to discuss this matter with representatives of the United Kingdom Government. The result of these discussions was that the Minister explained that the Icelandic people would draw their fisheries limits in conformity with the Hague judgment in a similar manner to that adopted by Norway and confirmed by the Court.

Before that action was taken, foreign experts of international reputation as well as Icelandic experts were consulted. After that the new fisheries limits were drawn in close conformity with the decision of the Hague Court.

The Icelandic people are firmly convinced that they have not done anything that was not lawful in every respect and that they indeed were bound to proceed as they did. These measures are a matter of life or death to us and they are wise and practical also from the point of view of foreign nations who are engaged in fishing off the Icelandic coasts. If these measures had not been taken it is quite clear, as has been proved through scientific investigations, that the Icelandic fishing grounds would have suffered the same fate as the fishing grounds in Scotland, the Faroe Islands and the North Sea. Experience has already shown, as indicated by British fisheries statistics, that the catch of British trawlers in Icelandic waters has increased since the fisheries limits became effective and this

result is undoubtedly due to the protective measures adopted.

In spite of all this, the reaction to the Icelandic measures is that British trawler owners have imposed a ban on the landing of fish from Icelandic trawlers in United Kingdom ports, although these trawlers are excluded from exactly the same areas as the British trawlers. This was done despite the fact that a landing agreement and a most-favoured-nation agreement are in force between the two countries.

If the Icelandic conservation measures were considered to be of doubtful legal validity, that question should have been decided in a court of law. The Icelandic Government has repeatedly stated its willingness to have this question referred to the Hague Court, provided the landing ban be lifted. But the method of trying to starve a small nation in order to force her to change measures which she considers to be a matter of life and death and to which she considers herself entitled under international law, must be considered to be incompatible with friendly relations between nations. It must be readily understandable to our friends in the Council of Europe that the avowed aims of the Council with regard to economic progress and the rule of law become somewhat hazy to us in Iceland when private interests in one of the most powerful member countries of the Council are allowed to impose a landing ban on the most important exports of the smallest member of the Council. The Icelandic exports to the United Kingdom before the ban consisted of 25% of the total Icelandic catch of whitefish. It should not be forgotten in this connection that it is a fact that these methods might have destroyed the economy of Iceland, if we had not been able to increase our exports to countries outside the Council of Europe and especially to the Soviet Union. And these methods are being used as a consequence of the fact that we have endeavoured to protect the basis of our economic existence in conformity with international law. For there is no doubt in our minds that the measures which we have taken are in conformity with international law. Straight base-lines have been

approved by the Hague Court and the three-mile limit is not prescribed by international law. As is indicated in the Secretariat's Documentary Note of 31st August 1954 only five of the members of the Council of Europe adhere to the three mile limit whereas most of the others have claimed four miles or six miles. And, surely, the Icelandic nation whose existence depends upon the resources of the coastal waters of the country should be entitled to at least the same extent of jurisdiction as any other nation.

The narrow fisheries limits adopted by some of the member nations of the Council of Europe have indeed led to the destruction of important fishing grounds. It is a well known fact that some of these countries have shown greater interest in obtaining access to the fishing grounds of other countries than in protecting their own. It is this policy that has resulted in the destruction of one fishing ground after another. And now pressure is being put on the smallest nation in the Council of Europe to force it not to protect the very basis of its own existence.

As I said in the beginning, I only wish to make a few remarks at this point. The issues involved are explained in detail in a memorandum entitled "The Icelandic Efforts for Fisheries Conservation". This is a memorandum submitted to the Council of Europe by the Government of Iceland and I hope that it will contribute towards the understanding of the issues involved. On page 27 of this memorandum, the Government of Iceland submits the following conclusions:

1. The Regulations of 1952 were urgently required in order to protect the basis for and prevent the ruin of the Icelandic economy.

2. The Regulations are in conformity with international law, both as regards base-lines and the four-mile limit.
3. The Regulations have already resulted in increased fishstocks.
4. The total catch outside the present limits is much greater than it was when fishing was permitted up to the old limits. This is especially clear in the case of British trawlers.
5. The landing ban imposed on Icelandic trawlers by private interests in the United Kingdom is unwarranted, and is neither compatible with existing bilateral agreements in force between Iceland and the United Kingdom nor with the underlying principles of such international organisations as the Council of Europe and the O.E.E.C.

My delegation welcomes this opportunity to explain the Icelandic conservation measures. For although it is of course quite clear that neither this committee nor the Council itself are competent to determine the legal validity of the measures taken, we trust that those of our friends who take the time to study the problems involved will understand, appreciate and even welcome them as a wise and important step in the right direction. We are confident that in the long run that will become the general view.

Var auðséð að fulltrúar í nefndinni fylgdust með ræðunni af mikilli athygli. Jafnframt var hverjum fulltrúa afhent eintak af greinargerðinni. Þegar Hermann Jónasson hafði lokið máli sínu, kom M.de Kinder á fundinn og hlustaði því á þýðingu ræðunnar á frönsku. Síðan tók M.de Kinder til máls og kvaðst hann vilja ræða hin nýju fiskveiðitakmörk Íslendinga, aðallega með hliðsjón af ýmsum vandræðum, sem belgískir togarar við Ísland hefðu lent í. Sagðist hann sem þingmaður frá Ostende hafa fengið vitneskju um að íslensk varðskip hefðu skotið á belgískan togara þannig að lífi belgískra sjómanna hefði verið stofnað í hættu. Íslenska landhelgisgæslan væri mjög ströng og notaði m.a. flugvélar til þess að hafa upp á erlendum togurum og belgískir togarar, sem leituðu hafnar t.d. undan óveðri gætu átt það á hættu að vera teknir fastir vegna fyrri brota, sem þeir væru ásakaðir um en væri alls ókunnugt um sjálfum. Þá vék M. de Kinder að því, að Hermann Jónasson hefði sagt, að benn gegn togveiðum næði einnig til Íslendinga, en sjálfur sagðist hann hafa upplýsingar um, að svo væri ekki í framkvæmdinni. Þá sagði hann einnig að Hermann Jónasson hefði haldið því fram, að veiðar útlendinga hefðu aukizt eftir að hinar nýju reglur voru settar og hefði vitnað í statistik um þau atriði. Sjálfur sagðist hann vita að hægt væri að sanna flesta hluti með statistik eftir því sem mönnum hentaði í það og það skiptið og væri því ekki mikið upp úr því leggjandi.

Formaður nefndarinnar endurtók nú það, sem hann hafði sagt í upphafi, að laganefndin væri ekki dómstóll og það mesta, sem hún gæti gert sér vonir um, væri að reyna að ná sáttum. Vildi hann því beina þeirri fyrirspurn til aðilanna hvort ekki myndi fást lausn í málinu t.d. þannig að íslenska ríkisstjórnin krefðist ekki að löndunarþanninu væri aflétt, fyrr en samskiptalag hefði náðst um að vísa málinu til Haag-dómstólsins.

Það hafði orðið að samskiptalagi milli íslensku full-

trúanna á fundinum, að Hermann Jónasson legði greinargerð íslensku ríkisstjórnarinnar fram með réðu, en að Hans G. Andersen svaraði þeim athugasendum, sem fram kynnu að koma, og svaraði hann því ofangreindum athugasendum með leyfi formanns. Benti hann nefndarmönnum á, að á bls. 12 í íslensku greinargerðinni væri kort, sem sýndi hin íslensku fiskveiðitakmörk. Það væri ljóst að hér væri um samskonar takmörk að ræða og þau sem brezka ríkisstjórnin mótmælti að því er Noreg varðaði. Alþjóða dómstóllinn í Haag hefði álitit norsku takmörkin fullkomnlega lögmat og í dómmum hefði ekki einu orði verið vikið að því að norsku takmörkin kynnu að brjóta í bág við "freedom of the seas", svo að ekki væri mikið hald í þeirri röksemd Mr. Fletcher Cook, enda væri ljóst af kortinu, að það sem um væri að ræða aðallega væri að loka hinum íslensku flóum og fjörðum fyrir rányrkju og hefði það engin áhrif á almennt siglingafrelsi. Nauðsynlegt væri að menn gerðu sér grein fyrir því, að íslenska ríkisstjórnin liti þannig á, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafi verið, væru lágmarks ráðstafanir til þess að tryggja afkomu þjóðarinnar, sem hefði fulla stöð í alþjóða lögum. Með öðrum orðum, íslenska ríkisstjórnin væri sannfærð um að fiskveiðitakmörkin væru í samræmi við alþjóða lög og það jafnvel þótt lengra hefði verið farið. Það sem um væri að ræða, þegar óskað væri eftir því að takmörkin yrðu færð innar, væri því í raun og veru það, að til þess væri atlast af íslensku þjóðinni, að hún afsalaði sér einhverjum hluta af þeim rétti, sem hún ætti samkvæmt alþjóða lögum. Á þetta myndi íslenska ríkisstjórnin aldrei fallast og væri því gjörsemlega þýðingarlaust að ræða málið á þeim grundvelli. Hitt væri ljóst, að ef því væri haldið fram, að ráðstafanir þessar væru ólögmatar þá gæti enginn skorið úr þeim ágreiningi nema alþjóðadómstóllinn í Haag. Því hefði verið haldið fram á fundinum, að löndunarbannið og lögmatar fiskveiðitakmarkanir væru óskyld mál. Íslenska ríkisstjórnin liti ekki þannig á

vegna þess að enda þótt hún ynni málið, væri samt engin lausn fengin, ef löndunarbannið héldi áfram þrátt fyrir það. Að því er varðandi tillögu formanns um að íslenska ríkisstjórnin féllist á að löndunarbanninu yrði ekki aflétt fyrr en samkomulag hefði náðst um að skjóta málinu til Haag, þá væri rétt að taka fram, að íslenska stjórnin hefði tvisvar komið fram með þessa tillögu sjálf, en henni hefði í bæði skiptin verið hafnað af brezku stjórninni. Mr. Fletcher Cook hefði sagt, að brezka stjórnin hefði gert allt sem í hennar valdi stæði til þess að fá banninu aflétt. Það væri að vísu þérkomnar fregnir, enda þótt íslenska stjórnin hefði gert sér vonir um að áhrif brezku stjórnarinnar væru meiri en raun bær vitni. Því að af Íslands hálfu hefði alltaf verið gengið út frá því að það væru ekki togaraeigendur í Grimsby og Hull, sem sátu í ríkisstjórn Bretlands heldur allt aðrir menn. Mr. Fletcher Cook hefði sagt, að það væri mjög "distasteful" fyrir brezku stjórnina að reyna að fá lagaheimild til þess að kúga togaraeigendurna því að mönnum væri í frjálæt vald sett, hvort þeir keyptu íslenskar afurðir eða ekki. Þetta væru mjög villandi ummæli. Í fyrsta lagi hefðu brezkir togaraeigendur aldrei verið kaupendur að íslenskum fiski og það, sem Íslendingar kvarta undan, væri ekki það að brezkar húsmæður fengju að ráða því, hvort þær keyptu íslenskar afurðir eða ekki, heldur að þröngri klíku skyldi haldast það uppi í eigin hagsmuna skyni að þröngva brezkum fisksölum til þess að kaupa ekki íslenska fiskinn. Okkur væri fullkunnugt um hvaða aðferðum hefði verið beitt í þessu skyni og óþarft væri að nota sérstakt orð yfir þar, því að allir vissu um hvað væri að ræða. Ástandið geti því ekki verið meira "distasteful" heldur en það væri nú. Þá mætti einnig í því sambandi minna á, hvað skeð hafði í hliðstæðu máli á Íslandi. Þegar löndunarbannið hafði verið sett á íslenska togara í Bretlandi hefðu Íslendingar að sjálfsögðu orðið mjög gramir yfir því að fámennum hóp skyldi haldast uppi að spilla hinni góðu sambúð þessarra vinapjóða, og hafði þá mörgum flogið í hug að rétti

vari að láta hart meta hörðu. Hefði því sú skoðun gert vart við sig t.d. að neita bæri brezkum togurum um viðgerðir og jafnvel vatn og vistir og yfirleitt allt, sem þeir þyrftu með og hefðu alltaf fengið á Íslandi. Brezka stjórnin mæltist þá til þess við Íslensku stjórnina, að hún kippti í taumana. Íslenska stjórnin hefði þá ekki sagt, að slíkt væri ómögulegt, þar sem hér væri um einkasamtök að ræða, sem mjög "distasteful" væri að kúga. Það sem Íslenska stjórnin hefði gert var að skýra þeim aðilum, sem að þessari hreyfingu stóðu frá því, að ef til slíkra aðgerða kámi myndi Íslenska stjórnin beita sér fyrir því, að Alþingi setti lög, þar sem lögð væri refsing við því athafi að mismuna borgurum tiltekinnar þjóðar með þessum hætti. Afleiðingin hafi verið sú, að hreyfing þessi féll niður. Mætti því með sannri segja, að ólíkt hefðust þar að ríkisstjórnir Íslendinga og Breta.

M.de Kinder hefði kvartað undan þeim vandræðum, sem belgískir togarar hefðu lent í við Ísland. Það væri rétt hjá honum, að skotið hefði verið á belgískan togara en málsatvik þar hefðu verið þau, að togari þessi hafði verið að veiðum innan takmarkanna og hefði ekki sinnt ítrekuðum aðvörðunum Íslensku varðakipsins. Togarinn hefði breytt yfir nafn og númer og reynt að bjarga sér undan á flótta. Hefði varðskipið því neyðst til að skjóta á togarann. Enda þótt Íslendingar hörmuðu það ekki síður en Belgir, að til slíkra átaka þyrfti að koma, þá væri í raun og veru við togaraskipstjórnann að sakast en ekki Íslensk yfirvöld. Landhelgisgæzla allra eða flestra þjóða væri vopnuð og á Íslandi hefði hún að minnsta kosti verið það síðustu 50 árin án þess að nokkur kvörtun hefði borist um það fyrr en nú. Í þessu sambandi mætti einnig rifja upp, að M.de Kinder hefði sagt, að hann hefði upplýsingar um, að Íslenskir togarar fengju í framkvæmdinni að veiða innan takmarkanna. Óhætt væri að fullvissa nefndina um það, að þessar upplýsingar hvaðan sem þær væru komnar væru algjörlega rangar. Íslendingar litu þannig á, að

hér væri verið að vernda afkomu þjóðarinnar og framkvæmdin væri því sú og hefði verið, að engu máli skipti, hvort söku-
dólgurinn væri brezkur, belgískur eða íslenskur. Ef hann
bryti í bág við friðunarákvæðin þá myndi honum verða refsað
án tillits til þjóðernis og ef hann ekki hlýddi þá myndu
varðskipin ekki hika við að skjóta á hann. Þá hefði M.de
Kinder einnig talið, að þær statistisku upplýsingar um aukna
veiði, sem Hermann Jónasson hafði vitnað í, væru ef til vill
ekki haldgóðar. Rétt væri að rifja upp, hvernig sú
statistik væri og væri rétt að lesa það sem stæði á bls. 19
í íslensku greinargerðinni, því að þar væru nefndar mjög
fróðlegar tölur. En eins og þar stæði einnig, væri þetta
ekki íslensk statistik heldur brezk, sem við fyrir okkar leyti
efuðumst ekki um að væri algjörlega rétt og ef M.de Kinder
væri í einhverjum vafa þá væru brezku fulltrúarnir réttir
aðilar til að tala við um það mál.

M. de Kinder tók nú aftur til máls og sagðist þakka
fyrir þær upplýsingar, sem fram hefðu komið, og sagðist hafa
tekið feginshendi þeim upplýsingum, sem væri safnað saman í
greinargerð íslensku stjórnarinnar og myndi hann nú kynna sér
málið frá grunni. En hann kvaðst samt mundu vilja beina því
til Evrópuráðsins, burtséð frá lögmati ráðstafananna, hvort
það væri mannúðlegt að skjóta á belgíska sjómenn og að belgískir
sjómenn þyrftu að vera svo hræddir um ákæru fyrir gömul brot,
sem þeim væru ef til vill ókunnugt um, að þeir þyrðu ekki að
leita neyðarhafnar undan óveðri. Hans G. Andersen svaraði
þessu þannig, að frambróun þessarra mála væri algjörlega í
höndum belgísku sjómanna sjálfra. Ef þeir hlýddu fyrir-
mælum íslenskra varðskipa, þegar þeir hefðu verið staðnir að
brotum og reyndu ekki að hylja nafn og númer, þá þyrftu þeir
ekkert að óttast. Að því er snerti hitt atriðið, að belgískir
sjómenn þyrðu ekki að leita neyðarhafnar þá væri óhætt að
fullvissa nefndina um það, að Íslendingar hefðu alltaf og myndu

alltaf taka opnum örnum öllum sjómönnum úr lífsháska, en auðvitað væri það að því ákildu, að þeir leituðu ekki neyðarhafnar með botnvörpuna í eftirdragi. Að því er snerti það, að belgískir sjómenn vildu heldur hætta lífi sínu í óveðri heldur en að leita hafnar af ótta við að þeir yrðu teknir fastir vegna eldri brota, þá sýndi það ekkert annað en þeirra eigin slamu samvizku og við því væri sama ráðið, sem sé að brjóta ekki íslensku lögin því þá þyrftu þeir ekkert að óttast.

Mr. Fletcher Cook sagði að lokum að hvað sem öllu öðru líði, vildi hann leggja spurningu fyrir íslenska fulltrúann, þ.e. hvort íslenska stjórnin, sem alltaf væri að tala um löndunarbannið í Bretlandi, myndi vilja fallast á að leggja deiluna fyrir Haag-dómatólinn, ef beiðni kæmi um það frá t.d. belgísku ríkisstjórninni, því að ekkert löndunarbann væri í Belgíu. Hans G. Andersen svaraði þessu þannig, að engin slík beiðni hefði komið fram og að ef til slíks kæmi, þá yrði beiðnin að koma frá hlutaðeigandi ríkisstjórn en ekki frá Mr. Fletcher Cook og stti á að sendast til íslensku ríkisstjórnarinnar, en ekki til íslensku fulltrúanna á þessum fundi, því að þeir væru hingað komnir til þess að skýra málið fyrir þeim, sem vildu setja sig inn í það en ekki til að gera sanning fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar.

Engar fleiri athugasemdir komu fram um efnishlið málsins, en formaður sagði, að þrjár leiðir væru til um formshlið málsins. Í fyrsta lagi gæti nefndin sagt, að hvorki hún né Evrópuráðið gæti dæmt um málið og þess vegna vísað því frá. Í öðru lagi væri hugsanlegt að skipa rapportör eins og hefði verið gert í Saarmálinu og í þriðja lagi væri hugsanlegt að fresta málinu um óákveðinn tíma. Komu fram raddir um það, að fyrsta og þriðja leiðin væru ekki færar. Stakk þá fulltrúi Tyrklands upp á því að formaður laganefndarinnar tæki að sér rapportörstarfið. Hans G. Andersen benti þá á, að enda þótt Íslendingar hefðu mjög mikið álit á framúrskarandi hæfileikum

M.Rolin, sem allir vissu að væri heimasfrægur málflutningsmaður, þá væri ekki hægt að fallast á, að hann yrði rapportör af þeirri ástæðu einni, að hann kæmi frá landi, sem teldi sig hafa hagsmuna að geta í málinu, en það væri auðvitað skilyrði fyrir því að rapportör gæti orðið að gagni, að hann kæmi frá landi, sem ekki hefði neinna sérstakra hagsmuna að geta. Sagði M.Rolin þá, að þetta væri alveg rétt athugað og stakk sjálfur upp á tyrkneska fulltrúanum Mr.Gunes, sem einmitt uppfyllti þau skilyrði. Var það samþykkt af Íslands hálfu m.a. með hliðsjón af því, að Tyrkir hafa lögleitt hjá sér 6 mílna landhelgi og hitt landið, sem til greina gat komið, Luxembourg er of hátt Hollandi og Belgíu. Hans G. Andersen spurði þá hvort ekki væri rétt skilið, að rapportörinn ætti að kynna sér öll þau atriði, sem rétt hefði verið um, þar á meðal löndunarbannið í Bretlandi. Mr.de Freitas andmælti þessu og sagðist ekki geta skilið hvaða heimild Evrópuráðið hefði til þess að blanda sér inn í það mál, en M.Rolin minnti nefndarmenn á það sem bæði var tekið fraa í greinargerð Íslensku ríkisstjórnarinnar og Hermann Jónasson hafði tekið fram í sinni ræðu, þ.e. að þegar Íslendingar hefðu fallist á að ræða málið í Evrópuráðinu, hefðu þeir gert það að skilyrði, að löndunarbannið yrði þá einnig rétt. Við því hefði enginn hreyft mótmælum og þar með væri það samþykkt. Rapportörinn yrði því einnig að kynna sér það mál. Hinsvegar væri það auðvitað á valdi Breta sjálfra að hve miklu leyti þeir vildu hafa afskipti af rapportörum. Þar með var málið útrætt.

Fyrirhuguð málsmæðferð er nú sú, að rapportörinn kynni sér málið með athugun á þeim gögnum sem fyrir liggja og með viðræðum við aðila. Mun hann síðan skila skýrslu um málið til laganefndarinnar vantanlega í febrúar eða marz, þannig að ekki kemur til umræða á Evrópuráðspinginu fyrr en sumarið 1955.

Nokkru áður en þinginu lauk bauð Pétur Benediktsson sendiherra hinum tyrkneska rapportör til hádegisverðar ásamt

Hans G. Andersen og Haraldí Kröyer. Kom í ljós að Mr. Gunes
hafði mikinn skilning á málinu og virtist mjög velviljaður.
Háttgerir hann að koma til Íslands líklega í desember, og mun
standa í sambandi við skrifstofu Evrópuráðsins um nánara fyrir-
komulag á málameðferð. Það skal tekið fram, að Mr. Gunes talar
mjög vel frönsku og eitthvað í þýzku en ensku kann hann ekki.
Verður að hafa það í huga við undirbúning málsins heima.

6008

EXTRA STRONG

[Handwritten signature]

